Ísafjarðarbær
Pósthólf 56
400 Ísafjörður

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 30. desember 2019
Tilv.: ANR19100249/11.02.07

Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2019/2020

Vísað er til umsóknar um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2019/2020.

Samkvæmt reglugerð nr. 675/2019, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2019/2020, hefur sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið allt að 5.374 þorskígildislestum af botnfiski til að ráðstafa til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Ráðuneytið hefur fjallað um umsókn sveitarfélagsins og sbr. 4. gr. reglugerðarinnar fellur í hlut sveitarfélagsins sem hér segir:

| | |
|---|---|
| **Flateyri** | **300 þorskígildislestir** |
| **Hnífsdalur** | **207 þorskígildislestir** |
| **Ísafjörður** | **140 þorskígildislestir** |
| **Suðureyri** | **192 þorskígildislestir** |
| **Þingeyri** | **281 þorskígildislestir** |

Reglugerð nr. 676/2019, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2019/2020, gildir um úthlutun byggðakvóta til einstakra fiskiskipa. Megintilgangur þeirra er að tryggja að fiskiskip sem gerð eru út frá tilteknum byggðarlögum, og landað hafa afla þar, fái hlut í byggðakvótanum sem landað er til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Frá þessum almennu reglum er heimilt að víkja samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna enda rökstyðji sveitarstjórnir tillögur sínar og sýni fram á að skilyrði sem hún leggur til séu byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum. Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til bæjar- og sveitarstjórna að horfa til þeirrar mögulegu verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta, ef reglur um ráðstöfun byggðakvótans verða mótaðar og minnir á að megintilgangur byggðakvóta er að stuðla að aukinni atvinnusköpun í viðkomandi byggðarlagi.

Vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins **eigi síðar en 27. janúar 2020. Tillögur sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.**

Fiskistofa annast úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á grundvelli þeirra reglna sem um það gilda. **Sérstaklega er vakin athygli á leiðbeiningum Fiskistofu um byggðakvóta 2019/2020 sem birtar voru á vefsíðu Fiskistofu** þann 21. október sl.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Kristján Skarphéðinsson

Jón Þrándur Stefánsson

Fylgiskj.: Skipting úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2019/2020 eftir byggðarlögum

**Fylgiskjal: Skipting úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2019/2020 eftir byggðarlögum**

Sveitarfélag: **Ísafjarðarbær** Byggðarlag: **Flateyri**

Úthlutun byggðarlags: **300** þorskígildislestir

**Skipting úthlutunar eftir tegundum**

| | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Steinbítur | Gullkarfi | Keila | Langa |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ósl. kg | 221.120 | 30.424 | 27.689 | 4.354 | 11.556 | 1.507 | 3.405 |
| Sl. kg | 185.741 | 25.556 | 23.259 | 3.919 | 11.556 | 1.357 | 2.724 |

Sveitarfélag: **Ísafjarðarbær** Byggðarlag: **Hnífsdalur**

Úthlutun byggðarlags: **207** þorskígildislestir

**Skipting úthlutunar eftir tegundum**

| | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Steinbítur | Gullkarfi | Keila | Langa |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ósl. kg | 152.573 | 20.993 | 19.105 | 3.004 | 7.973 | 1.040 | 2.350 |
| Sl. kg | 128.161 | 17.634 | 16.048 | 2.704 | 7.973 | 936 | 1.880 |

Sveitarfélag: **Ísafjarðarbær** Byggðarlag: **Ísafjörður**

Úthlutun byggðarlags: **140** þorskígildislestir

**Skipting úthlutunar eftir tegundum**

| | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Steinbítur | Gullkarfi | Keila | Langa |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ósl. kg | 103.189 | 14.198 | 12.921 | 2.032 | 5.393 | 703 | 1.589 |
| Sl. kg | 86.679 | 11.926 | 10.854 | 1.829 | 5.393 | 633 | 1.271 |

Sveitarfélag: **Ísafjarðarbær** Byggðarlag: **Suðureyri**

Úthlutun byggðarlags: **192** þorskígildislestir

**Skipting úthlutunar eftir tegundum**

| | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Steinbítur | Gullkarfi | Keila | Langa |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ósl. kg | 141.517 | 19.472 | 17.721 | 2.787 | 7.396 | 965 | 2.179 |
| Sl. kg | 118.874 | 16.356 | 14.886 | 2.508 | 7.396 | 868 | 1.744 |

Sveitarfélag: **Ísafjarðarbær** Byggðarlag: **Þingeyri**

Úthlutun byggðarlags: **281** þorskígildislestir

**Skipting úthlutunar eftir tegundum**

| | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Steinbítur | Gullkarfi | Keila | Langa |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ósl. kg | 207.116 | 28.497 | 25.935 | 4.079 | 10.824 | 1.412 | 3.190 |
| Sl. kg | 173.977 | 23.938 | 21.786 | 3.671 | 10.824 | 1.271 | 2.552 |

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

30. desember 2019